

Má ljúga upp á fólk? Mörk hins leyfilega í skáldskap frá sjónarhóli sagnfræðings og hugsanlegrar söguhetju.

[Heimur bókmenntanna 2026. Málþing í Eddu, Háskóla Íslands, 8. maí 2026.](#)

Góðan dag. Ég hef þetta erindi með því að leggja áherslu á að hér legg ég ekki fram fræðilega rannsókn, þekki ekki til hlítar stöðu þekkingar eða helstu kenningar og hugtök. Þið fáið bara að heyra hugleiðingar um mörk hins leyfilega í skáldskap frá sjónarhóli sagnfræðings sem kann ekki að skálda og hugsanlegrar söguhetju í verkum annarra eins og getur reyndar komið fyrir okkur öll – hvort sem það verða þá hrein fræði eða einhvers konar skáldskapur. Ég nefni líka að upphafsorðin í heiti erindisins – Má ljúga upp á fólk? – eru full ögrandi og gildishlaðin. Að ljúga hefur á sér ljótt yfirbragð, að skálda er mun fallegra.

Eftir þessa fyrirvara þyl ég nú þrjár tilvísanir. Sú fyrsta er færsla á fésbók 28. desember 2018 og er svohljóðandi:

„Er búinn að lesa Ungfrú Ísland eftir Auði Övu. Sem gamall sveitamaður var ég þó næstum búinn að leggja bókina frá mér strax á fyrstu blaðsíðu þar sem sagt er frá því að dýralæknir var staddur á heimili söguhetjunnar við fæðingu hennar 1942, í þeim erindagerðum að sæða kú. Þetta getur ekki staðist – kúasæðingar voru ekki hafnar á Íslandi á þeim tíma eins og kemur fram í greininni „Sæðing búfjár“ eftir Guðmund Gíslason í Búnaðarritinu 1945, og í forsíðufrétt í Tímanum 8. júní 1946.“¹

Önnur tilvísunin er sem hér segir:

„Þú ættir kannski ekki að láta hann heita þetta. Allir munu halda að [nafni sleppt hér] sé fyrirmynd morðingjans.“

Ég við Elizú Reid glæpasagnahöfund, man ekki dagsetningu nákvæmlega.

Síðasta tilvísunin er svo þessi:

„Fólk sem býr á Bessastöðum getur lent í alls konar bókum.“²

¹ Fésbókarfærsla Eiríks Rögnvaldssonar, 28. des. 2018.

² „Fólk sem býr á Bessastöðum getur lent í alls konar bókum.“

<https://web.archive.org/web/20111115132505/http://www.pressan.is/Frettir/Lesafrett/folk-sem-byr-a-bessastodum-getur-lent-i-alls-konar-bokum-segir-hallgrimur-um-forsetaskandalinn>

Hallgrímur Helgason rithöfundur, í viðtali við vefritið Pressuna, 14. nóvember 2011.

Og hefst þá lesturinn fyrir alvöru: Ég þakka þann heiður að vera hér á skáldabekk ef svo má segja, sagnfræðingur sem sinnir skrifum um sögu og samtíð en vill helst ekki ljúka neinni setningu í þeim efnum nema klykkt sé út með tilvísunarnúmeri og neðan- eða aftanmálgrein þar sem heimildar er getið.

Vissulega er það nú samt svo að í heimi minna fræða kemur fyrir að atburðir séu settir á svið, ályktað um hvaðeina án þess að vitneskja liggi fyrir og þar fram eftir götunum. Þetta er þá gert til að gera frásögnina læsilegri og koma andblæ til skila. Það getur einmitt verið þrautin þyngri ef fólk er rígbundið af því að segja það eitt sem styðja má með skýrri vísun í heimildir.

Svona vinnubrögð þykja jafnvel skáldleg en eru ekki til umfjöllunar hér heldur hitt þegar skáldin gerast fræðileg eða réttara sagt; þegar þau nýta sér vitneskju um liðna tíð í skáldskap sínum, byggja sögu í kringum þekktar staðreyndir, bæta við og breyta eftir þörfum og því sem þeim dettur í hug.

Auðvitað eru verk af því tagi eins ólík og þau eru mörg. Staðreyndum og skáldskap er blandað saman í mismiklum mæli og ég nefni hér bara nokkur dæmi, nánast af handahófi. Steinunn Sigurðardóttir: „Ef maður byrjar á raunveruleikanum, jafnvel í staðarlýsingum, þá kæfir hann allt. Að nota hann sem krydd á ímyndunina er annað mál.“³

Jón Kalman Stefánsson horfði til Ingjaldssands í sögulegri skáldsögu sinni um Baskavígin. „Þetta er að einhverju leyti Ingjaldssandur,“ sagði hann í viðtali, „en ég breyti honum og stækka hann. Færi fjöll. Það er mjög gaman að færa til fjöll.“⁴

Allt er þetta gott og blessað. Enginn ætti að bíða tjón af því að fjöll og firðir færast til í skáldskap. Samt er það líka svo að skáldin vilja gjarnan að það sem þau segja frá gæti hafa gerst og stangist ekki á við það sem við vitum að gerðist í raun. Hér bendi ég aftur á sæðingarmálið sem nefnt var í upphafi þar sem einn lesandi glataðist næstum því á fyrstu blaðsíðu – og nú þykist ég alveg vita hvernig þið hugsið, að þið viljið vita hver það var sem lét þessi orð falla þótt það eigi ekki að skipta neinu máli í hinu stóra samhengi – rétt eins og það skiptir ekki máli í skáldsögu hvort byrjað var að sæða kýr árið 1942 eða ekki.

³ Pétur Blöndal og Kristinn Ingvarsson. *Sköpunarsögur. Viðtöl við 12 rithöfunda*. Reykjavík: Mál og menning, 2007, 125.

⁴⁴ „,Við erum á þessari vondu vegferð“,“ *RÚV*, 23. nóv. 2024, <https://www.ruv.is/frettir/menning-og-daegurmal/2024-11-23-vid-erum-a-thessari-vondu-vegferd-baedi-sem-thjod-og-sem-heimur-428273>.

Eða hvað? Vinsældir sögulegu skáldsögunnar má í það minnsta að hluta rekja til þess að lesandinn vill trúá því sem það er sagt frá. Fólk þekkir jafnvel hina sögulegu þræði sem tengja skáldskapinn saman enda hefur því verið haldið fram að þegar Íslendingar lesi skáldsögur hafi þeir símaskrána sér við hlið; það er að segja að þeir hugsi í sífellu hver sé fyrirmynd sögupersónanna. Sjálfur stóðst ég ekki freistinguna nýlega og spurði rithöfundur hvort einn karakterinn í alveg sérlega skemmtilegri skáldsögu væri að einhverju leyti byggður á mér – og aftur viljið þið kannski helst vita hvaða verk er þar á ferðinni.

Skáldin vita alveg af þessu, setja gjarnan fyrirvara í verk sín. „Höfundur vill láta þess getið að bókin er ekki „sagnfræðileg skáldsaga“, heldur lúta persónur hennar, atburðir og stíll einvörðungu lögmálum verksins sjálfs.“⁵ Þannig komst Halldór Laxness að orði í Íslandsklukkunni. Þar standa raunverulegar persónur og skáldaðar saman á sögusviðinu. Raunverulegir atburðir eiga sér stað og en aðrir eru skáldaðir.

Og má þetta ekki? Mega skáldin gera hvað sem er við fortíðina? Oft þegar slíkar spurningar vakna er bent á vinnubrögð Nóbelskáldsins, til dæmis í þeim umræðum sem kviknuðu vegna skáldsögu Hallgríms Helgasonar, *Konan við 1000°* fyrir rúmum áratug. Við upphaf þeirrar bókar áréttaði höfundurinn að hún byggist „að nokkru leyti á atburðum sem gerðust og fólki sem lifði og dó“. Samt væri verkið skáldskapur og því bætti skáldið þessu við: „Höfundur biður lesanda að sýna kveikjum þessum og fyrirmyndum nærgætni og blanda ekki raunverulegu hlutskipti þeirra saman við þau örlög sem hann hefur skáldað þeim.“⁶

Sumt í þeim tilbúningi var skelfilegt, hvernig sem á það er litið. Hér erum við ekki að tala um að fjörður fái aukafjall í kringum sig. Vart þarf að taka fram að efnistöð Hallgríms vöktu umtal og deilur. Ættingjar og velunnarar fólksins sem lifði og dó sögðu vegið að æru þess með lýsingum á svívirðilegum athöfnum sem rithöfundurinn skáldaði þeim. Önnur brugðust til varna og sögðu að gera yrði skil á skáldskap og veruleika.

„Fólk sem býr á Bessastöðum getur lent í alls konar bókum,“ sagði Hallgrímur líka þegar að honum var sótt, í vetrarbyrjun 2011, eins og áður var getið. Af fræðilegum áhuga hélt ég þeim orðum og öðrum ummælum til haga. Núna löngu síðar urðu þau á sinn hátt kveikjan að þessu erindi, reyndar að breyttu breytanda.

Hér má því velta vöngum yfir því hvort skáldin hafi meira leyfi – getum alveg kallað það skáldaleyfi – á áhrifafólk eða þekkt fólk í samfélaginu og um leið allan ættgarðinn. Gilda einhver óskráð lög um slíkt?

⁵ Sjá t.d.: „Íslandsklukkan“, <https://is.wikipedia.org/wiki/%C3%8Dslandsklukkan>.

⁶ Hallgrímur Helgason, *Konan við 1000°*. *Herbjörg María Björnsson segir frá*. Reykjavík: JOV, 2011, [5].

Það liggur í augum uppi að almenningur hefur upp til hópa áhuga á ævi og örlögum þekktis fólks og það leiðir undir lokin að öðru álítaefni um tengsl skáldskapar og sögulegra sanninda. Sjónarhornið verður líka ögn víðara því dæmin koma úr heimi sjónvarps. Þar virðist sífellt vinsælla að skapa efni þar sem sagt er frá raunverulegu fólki og raunverulegum atburðum en farið mjög frjállega með viðtekinn sannindi og skáldað nær hömlulaust til að skapa andblæ og halda athygli áhorfandans.

Vissulega má finna fyrirvara sem fyrr. Hér er lýsing Roberts Laceys, handritshöfundar þáttaraðarinnar *The Crown*, Krúnan: „Þú ert að horfa á sögulegan skáldskap, ekki heimildamynd ... það sem þú sérð á skjánum er bæði sannleikur og tilbúningur.“⁷

Vandinn er hins vegar sá að áhorfandanum er illmögulegt að greina á milli þess sem er satt og þess sem er búið til. Sama gildir um eina nýjustu afurðina af þessu tagi, *Ástarsögu*, eða *Love Story*, um John F. Kennedy yngri í Bandaríkjunum og hans fjölskyldu. Þetta er tilvísun í yfirlýsingu leikkonunnar Daryl Hannah sem var með honum um árabíl. „Söguhetjan „Daryl Hannah“ [og nafnið er haft innan gæsalappa] er svo fjarri því að endurspegla ævi mína, atferli eða samband við John. Það sem ég á að hafa sagt og gert er ósatt.“⁸

Má þetta? Ég held að svörin geti jafnvel farið eftir því hversu mikla samúð maður hefur með þeim sem á í hlut, bæði sögupersónunni og höfundinum. Nú er þess að geta að spurningar um hvað megi og megi ekki geta að sjálfsgöðu líka vaknað í heimi sagnfræðinnar. Sjálfur hef ég skrifað bók í óþökk söguhetjunnar, að minnsta kosti þegar verkið var í undirbúningi. Útkoman var svo sáraklaus. Einhverjum hefur líka gramist hvernig sagt er í mínum rannsóknum frá fólki sem er fallið frá en getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér, eins og stundum er sagt.

Þá hefur maður svarað eða hugsað að það væri nú þrautin þyngri ef ekki megi fjalla um látið fólk í ritum um fortíðina. Auðvitað eiga fræðimenn að vera frjálssir og auðvitað á skáldum að vera frjálst að skálda. En við eigum samt líka að tala tillit til hvers annars. Og við eigum að standa vörð um sannleikshugtakið, þá undirstöðu í síðuðu samfélagi að sumt sé satt og annað ekki.

⁷ Lacey, Robert. *The Crown. The Official Companion I. Elizabeth II, Winston Churchill, and the Making of a Young Queen 1947–1955*. New York: Crown Archetype, 2017, 6–7.

⁸ Hannah, Daryl. „How can „Love Story“ get away with this?“ *New York Times*, 6. mars 2026, <https://www.nytimes.com/2026/03/06/opinion/daryl-hannah-love-story-jfk-jr.html>.